

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Móahverfi.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 29. október 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Móahverfi.

Breytingin tekur til Lækjarmóa 1-7 og felur meðal annars í sér að byggingarreitur er stækkaður til norðurs, leyfilegt er að tengja byggingar saman frá 2. hæð ásamt því að byggingarmagn eykst um 1.400 m² og byggingarmagn bilakjallara samtals um 400 m².

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og ekki er talin þörf á grenndarkynningu, sbr. 44. gr., og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, A áfanga.

Bæjarráð Akureyrarbæjar samþykkti 9. júlí 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Baldursnes 11.

Breytingin tekur til Baldursness 11 og felur meðal annars í sér stækkun byggingarreits til vesturs, hækkun nýtingarhlutfalls úr 0,3 í 0,55, hækkun á hámarksveghæð upp í 20 m, heimild til að byggja 5 hæðir að hluta og að innkeyrslu verði bætt við frá Baldursnesi.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 31. október 2025.

F.h. Akureyrarbæjar,
Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B deild - Útgáfudagur: 14. nóvember 2025